



HÁALEITISSKÓLI

Um notkun hljóðbóka og aðgengi að þeim

Hljóðbækur henta vel þeim sem eru lengi að lesa, hvort sem er vegna lestrarvanda eða athyglisvanda. Þær henta þeim sem hafa slakan lesskilning og þeim sem þurfa að æfa sig í að hlusta á talað mál.

Ýmist má hlusta á hljóðbækur beint af vefnum eða hlaða efninu niður á tölvu. Þeim er einnig hægt að hlaða inn á spilara og hlusta þar sem maður er staddur hverju sinni.

Mælt er með því að ávallt sé fylgst með í námsbókinni þegar hlustað er á hljóðbók, sérstaklega þar sem myndaútskýringar fylgja oft textanum.

Á heimasíðu Námsgagnastofnunar (<http://nams.is/>) eru margar hljóðbækur sem allir hafa frjálstan aðgang að, sér að kostnaðarlausu.

Leiðbeiningar um niðurhal

- Farið er inn á <http://nams.is/>.
- Ofarlega á síðunni eru flipar. Ýtið á flipa númer tvö – Námsefni.
- Smellið á námsgrein sem verið er að leita að t.d. landafræði.
- Hakið við hljóðefni (hægra megin á skjánum).
 - Þá koma upp allar hljóðbækurnar sem eru í boði í viðkomandi námsgrein.
- Ýtið á rauðu stafina (undir myndinni af þeirri bók sem valin er).
 - Valið er hvort hlustað er á bókina beint eða henni hlaðið niður.

Hljóðbókasafnið í Hamraborg í Kópavogi er með mjög góða þjónustu fyrir fólk sem greint hefur verið með dyslexíu eða annan lestrartengdan vanda (s.s. athyglisvanda). Þeir sem hafa rétt á að nýta sér þjónustu safnsins fá aðgang að fjölbreyttu úrvali bókmennta og námsbóka fyrir þá sem lokið hafa grunnskóla.

Hér er að finna stutt fræðslumyndband frá Hljóðbókasafninu (<http://hljodbokasafn.is/>):
<http://www.youtube.com/watch?v=A6bmrwNses>